



LANDSSAMTÖK FORELDRA HEIMILI & SKÓLI

1. tölublað, 10. árgangur 2003



Bráðger börn – Lokahátíð
Könnun um netnotkun barna

Foreldraverðlaunin

Útgefið efni:
Trúnaðarupplýsingar
Foreldrabankinn
Korter á dag

Foreldrasamningur
– Hollráð foreldra

Stóra upplestrarkeppnin



LANDSSAMTÖK FORELDRA

**HEIMILI &
SKÓLI**

1. tölublað, 10. árgangur 2003

ÚtgefandiHeimili og skóli
Mannhæðinni, Laugavegi 7,
101 ReykjavíkBlaðið er gefið út í
10.000 eintökum**Ábyrgðarmaður**

Jónína Bjartmarz

Ritstjóri

Lára K. Sturludóttir

RitnefndHalldór Leví Björnsson
Karólína Júlíusdóttir
Kristín Þorleifsdóttir**Ljósmynd á forsíðu**

Heimili og skóli

Aðrar ljósmyndirHeimili og skóli,
Morgunblaðið, Víkurfréttir**Umbrot og prentun**

Ísafoldarprentsmiðja

StarfsmennIngibjörg Ingadóttir
Alda Lilja SveinsdóttirSkrifstofan er opin virka daga
kl. 09.00-16.00

Sími: 562 7475 - Fax: 552 2721

Netfang

heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

Veffang

www.heimiliogskoli.is

Kæru félagsmenn!

Fréttabréfið er að þessu sinni að mestu helgað frásögn-um af verkefnum sem við höfum unnið að og er sum-um lokið. Við höfum frá upphafi verið einn aðstand-enda eins stærsta íslenska skólaþróunarverkefnisins, Stóru upplestrarkeppninnar, sem síðastliðið vor var haldin í 7. sinn. Þá rann út samningur við styrktaraðila þess verkefnis og er framtíð þess því enn alveg óráðin. Eins háttar til með til-raunaverkefnið Bráðger börn – verkefni við hæfi, sem rekið hefur verið í tvö ár í samstarfi okkar, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Háskóla Íslands. Allt er enn óvíst um fram-hald þess. Þessi tvö verkefni sem ótvírætt hafa sannað gildi sitt eiga það sammerkt að hafa auðgað skólastarf og námsumhverfi barna. Við viljum halda áfram að styðja og eiga sam-starf um bæði verkefni og munum leggja því lið að þau haldi áfram í óbreyttri eða breyttri mynd.

Jónína Bjartmarz

Foreldrasamningurinn fyrir foreldra bæði eldri og yngri nemenda grunnskóla er verkefni sem við höfum unnið að og munum vinna að áfram. Verkefnið fyrir foreldra yngri barna gáfum við fyrst út síðastliðið haust og því hefur hvarvetna verið ákaflega vel tekið. Það á í raun, eins og hitt verkefnið, erindi inn í hvern skóla, hvern bekk og á hvert heimili og við upphaf næsta skólaárs munum við leggja meiri áherslu en fyrr á kynningu þess.

SAFT, rannsóknar- og fræðsluverkefni um örugga netnotkun, sem hefur að markmiði að auka þekkingu foreldra og skólafólks og að leggja þeim til fræðsluefni, er enn eitt verkefnið sem gerð eru skil hér í blaðinu. Við höfum unnið að því síðan á síðasta hausti, ásamt fjórum öðrum Evrópuþjóðum og munum halda því áfram að minnsta kosti næsta skólaár og birta jafnt og þétt niðurstöður viðamikilla kannana, sem eru hluti verkefnisins og jafnframt grunnurinn að fræðsluhluta þess.

Auk þessara verkefna er hér í blaðinu sagt frá þrennum útgáfum samtakanna. „Kortar á dag – hefur þú tíma til þess?“ er bæklingur um einfalda aðferð fyrir foreldra til að byggja upp góða lestrargetu og orðaforða barna. Sagt er frá Foreldrabankanum, sem er mappa fyrir bekkjarfulltrúa til að halda utan um foreldrastarf í bekknum og loks er fjallað hér í blaðinu um bækling með almennum upplýsingum um „Meðferð skólafólks á trúnaðarupplýsingum“.

Samstarfsverkefni okkar svo og prentefnið sem við höfum gefið út er öðru fremur til marks um þrennt: fjölbreytt starf og verksvið Heimilis og skóla, víðtækt samstarf við aðra aðila bæði innan og utan skólakerfisins og þann góða stuðning sem við höfum notið bæði frá stjórnvöldum og einkafyrirtækjum. Þar hefur komið til bæði fjár-stuðningur vegna einstakra verkefna og styrkir til að greiða kostnað við hönnun og prentun á útgefnu efni. Þessi stuðningur er þó allur verkefnatengdur.

Félagsmenn okkar hafa alla tíð frá því að samtökin voru stofnuð fyrir 10 árum staðið undir öllum kostnaði við rekstur skrifstofu okkar, þar með talið föstum starfs-manni og stærstum hluta þeirrar þjónustu sem hún veitir, að ógleymdum stuðningi menntamálaráðuneytisins árin 1996-1998 og síðan aftur síðastliðið vor og sem við höfum viljandi fyrir fram á næsta vor. - Til að geta haldið áfram að reka óháð og sjálf-stæð samtök og skólapólitík í þágu þeirra markmiða samtakanna að stuðla að bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna eru traustir og tryggir félagsmenn okkur lífs-nauðsyn. Því munum við sem fyrr byrja nýtt skólaár með átaki um að afla nýrra fé-lagsmanna úr röðum foreldra barna, sem eru að byrja í grunnskólanum í stað þeirra sem hverfa á braut með börnum sínum. Því næst verður mikil áhersla lögð á að efla enn símaþjónustuna; ráðgjöf, upplýsingar og leiðbeiningar til foreldra og annarra sem til okkar leita, að kynna foreldrasamninginn enn betur en áður og stuðning okkar við framkvæmd þess verkefnis inni í skólunum og loks að stuðla að úttekki á stöðu for-eldraráða í grunnskólum og auka stuðning okkar við starf þeirra. Forsenda stuðnings er sú að úttekki og mat okkar á reynslu síðustu sex ára leiði til þeirrar niðurstöðu að kröftum foreldra sé best varið með því fyrirkomulagi á aðkomu, áhrifum og ábyrgð foreldra sem foreldraráðin tryggja. - Ella munum við benda á og beita okkur fyrir öð-um leiðum fyrir foreldra til að styðja og efla skólastarf og auka samstarf heimila og skóla.

Gleðilegt sumar,
Jónína Bjartmarz, formaður.

Ný stjórn Heimilis og skóla

Aðalfundur samtakanna var haldinn 7. febrúar síðastliðinn. Á fundinum var kosin ný stjórn. Fráfarandi stjórnarmönnum er þakkað fyrir samstarfið og óeigin-gjarn framlag þeirra í þágu samtak-anna.

Fráfarandi stjórnarmenn eru

Atli Sigurðsson, Kópavogi
Ragnheiður Hergeirsdóttir, Selfossi
Þórhallur Heimisson, Hafnarfirði
Þóroddur Skaptason, Hafnarfirði

Ný stjórn er þannig skipuð

Formaður

Jónína Bjartmarz, Reykjavík

Varaformaður

Jóhann Thoroddsen, Seltjarnarnesi

Meðstjórnendur

Halldór L. Björnsson, Reykjanesbæ
Guðrún Óðinsdóttir, Akureyri
Kristín Þorleifsdóttir, Reykjavík
María K. Gylfadóttir, Hafnarfirði
Karólína Júlíusdóttir, Reykjanesbæ
Hlynur Snorrason, Ísafirði
Maríanna Jóhannsdóttir,
Egilsstöðum

Landssamtökin Heimili og Skóli eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmalaflokkum eða trúfélögum. Foreldrar og forráðamenn barna geta gerst félagar í Heimili og skóla og aðrir geta gerst styrktarfélagar.

Viltu tilkynningar um starfið?

Fréttir af starfi Heimilis og skóla eru reglulega settar á vef samtakanna – www.heimilioskoli.is. Þeir sem vilja fá tilkynningu um nýtt efni á vefnum, eru hvattir til að gefa samtökunum upp netfangið sitt með tölvupósti eða símleiðis.



Ungir háskólamenn með ljósfræðiverkefni: Sigurður Örn Ragnarsson, Jón Hlífur Geirfinnsson og Matthías Páll Gissurarson.

Farsæl lok tilraunaverkefnis í samstarfi Heimilis og skóla, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Háskóla Íslands

Bráðger börn – verkefni við hæfi

Fjórðu og síðustu lotu verkefnisins Bráðger börn – verkefni við hæfi lauk í apríl síðastliðnum og var lokahátíð haldin í Háskólabíói þann 26. apríl síðastliðinn.

Heimili og skóli hefur ávallt lagt áherslu á að aðstæðum, þörfum og getu allra nemenda sé mætt, sem er enda eitt meginmarkmið grunnskólalaganna. Samtökin hafa ítrekað hvatt til þess að þörfum þeirra sem hafa minni getu eða búa við námserfiðleika af ýmsum toga sé mætt með nægu framboði sérkennslu og úrræða við hæfi.

Með þátttöku sinni í þessu tilrauna- verkefni sýna samtökin í verki að þau sinna ekki eingöngu þeim börnum sem hafa minni getu, heldur líka þeim sem eru bráðger. Það er alvarlegt íhugunar-

efni að hvergi er til skráð lýsing á sérúr- ræðum eða sérhönnuðum námsáætlun- um fyrir bráðger börn inni í skólum. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 segir

meðal annars um þann hóp nemenda er skarar fram úr: „Mjög duglegir nem- endur, afburðanáms- menn og nemendur, sem búa yfir sérhæfi- leikum á vissum sviðum, eiga líka rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika

sína og nýta tímann til hins ítrasta með því að glíma við fleiri og flóknari mark- mið og krefjandi nám (bls. 21).“

Frumkvæðið að verkefninum áttu þau Pétur Blöndal, alþingismaður, Jónína Bjartmarz, alþingismaður og for- maður Heimilis og skóla, Ari Ólafsson, prófessor við Raunvísindastofnun HÍ og

Mjög duglegir nemendur, afburðanámsmenn og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum, eiga líka rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi.

Hver er ekki með viðkvæma húð?



Neutral

verndar viðkvæma húð

Það eru ekki aðeins börn sem hafa viðkvæma húð. Allir þekkja unglíngahúðina og margir fullorðnir þurfa að gæta þess sérstaklega að velja hreinlætisvörur sem erta ekki húð þeirra. Neutral eru umhverfis- og húðvænar vörur, framleiddar án allra ilm-, litar- og bleikiefna og í samvinnu við asma- og ofnæmissamtök á Norðurlöndum.

Neutral vörurnar flokkast í tvo hópa. Þar á meðal eru eftirfarandi:

Neutral húðvörur fyrir alla fjölskylduna

- sturtusápa, 200 ml og 750 ml
- sjampó fyrir venjulegt hár
- sjampó fyrir þurran hársvörð
- sjampó/næring fyrir allar hárgerðir
- húðmjólk
- handáburður
- svitalyktareyðir, ilmsteinn og í kremformi
- handsápa, í fljótandi og föstu formi
- sjampó og sturtusápa fyrir börn

Neutral hreinlætisvörur fyrir heimili

- storvask, alhliða þvottaefni
- color, fyrir litaðan þvott
- hvid vask, fyrir hvítan þvott
- mýkingarefni
- uppþvottalögur

Umhverfisáhrif

Öll þvottaefni hafa skaðleg áhrif á umhverfið í meira eða minna mæli. Hver og einn getur þó gert sitt til að draga úr þessum áhrifum, t.d. með því að nota ekki of mikið þvottaefni, þvo á lágum hita og velja ekki of sterkt þvottaefni.

Vörur merktar með norræna umhverfismerkinu, „hvíta svaninum“, eru ekki skaðlegar umhverfinu í sama mæli og aðrar sambærilegar vörur. Neutral hvid vask og Neutral color þvottaefnin eru merkt hvíta svaninum.

Neutral



Meyvant Þórólfsson, kennsluráðgjafi við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Þau voru einhuga um að börn í grunnskóla sem hefðu meiri getu skorti alltof víða tækifæri til náms við sitt hæfi og að það þyrfti að skapa þeim vettvang til að takast á við krefjandi og hvetjandi verkefni sem væru til þess fallin að auka þroska og bæta námsumhverfi þeirra. Fundir og samræður þeirra og með öðrum fulltrúum Fræðslumiðstöðvar, Háskóla Íslands og Heimilis og skóla leiddu til samkomulags þessara aðila haustið 2000 um að standa saman að tilraunaverkefni er fæli í sér framboð viðfangsefna fyrir bráðgera nemendur á miðstigi í skólum Reykjavíkur. Með stuðningi við og samstarfi um þetta verkefni vildu samtökin leggja sitt af mörkum til að mæta þörfum barna með meiri getu.

Þau Jónína, Pétur og Ari hafa skipað stjórn verkefnisins frá upphafi ásamt Meyvant sem Fræðslumiðstöð lagði til verkefnisins sem verkefnisstjóra og hefur hann annast allt skipulag og yfirstjórn námskeiðanna af stakri snilld. Ingibjörg Ingadóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla, hefur af ekki minni snilld og færni, séð um alla framkvæmdaþætti verkefnisins, samskipti við foreldra, skráningu barna á námskeiðin, fjármálin og framkvæmd og undirbúning lokahátíða verkefnanna.

Lögð var áhersla á sjálfstæð vinnubrögð þátttakenda, samvinnu, verklegt og bóklegt nám, sköpun og nýmyndun, en jafnframt góða leiðsögn sérfræðinga á þeim sviðum sem var ræðir. Verkefninu var skipt í fjórar lotur og völdu börnin sér eitt námskeið innan hverrar lotu. Byrjað var á að bjóða börnum fæddum árin 1988, 1989 og 1990 að taka þátt í námskeiðunum. Í þriðju lotu var síðan börnum fæddum 1991 einnig boðið að vera með.

Fyrsta lota verkefnisins hófst í janúar 2001 og luku þá 115 börn námskeiðum á sviði raunvísinda. Fyrsta lota tókst það vel að ákveðið var að halda áfram með verkefnið og hafa mun fjölbreytilegra úrval af verkefnum en áður af sviðum raunvísinda, hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði, heimspeki, tækni og almennra vísinda. Jafnframt var börnum úr nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur boðið að taka þátt í verkefninu og luku alls 122 börn annari lotu. Í þriðju lotu var



Frá kynningarfundum um tilraunaverkefnið Bráðger börn. Talið f.v.: Ari Ólafsson, dósent í eðlisfræði við Háskóla Íslands, Sigrún Magnúsdóttir, borgarfulltrúi og formaður Fræðsluráðs Reykjavíkurborgar, Meyvant Þórólfsson, kennsluráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Jónína Bjartmarz, alþingismaður og formaður landssamtakanna Heimilis og skóla, Pétur Blöndal alþingismaður og Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri Reykjavíkur.

úrval námskeiða aukið enn frekar og luku alls 223 börn þeirri lotu. Alls 181 barn lauk síðan fjórðu og síðustu lotu í apríl síðastliðnum.

Uppskeruhátíð

Þann 26. apríl síðastliðinn var haldin uppskeruhátíð tilraunaverkefnisins í Háskólabíói og var mjög góð aðsókn að hátíðinni. Í anddyri sýndu börnin á veggspjöldum hvað þau höfðu lært á námskeiðunum en inni í sal gat að líta margskonar kynningar. Börnin voru meðal annars með kynningar á glærum, léku leikrit, sungu, sýndu myndband, keppni var milli farartækja er börnin höfðu unnið og einnig var ljósasýning þeirra barna er sótt höfðu námskeiðið „Tilraunir með ljós“.

Kynnar á hátíðinni voru þau Arnljótur Björn Halldórsson, Austurbæjarskóla og Hjördís Björnsdóttir og Linda Guðjónsdóttir, Melaskóla. Gaman var að sjá hve börnin voru örugg með sig og dugleg að standa frammi fyrir stórum hópi fólks og tala af röggsemi.

Í hléi hlýddu gestir á frábært söngatriði Önnu Maríu Björnsdóttur úr Garðaskóla, en hún varð í 2. sæti í söngvakeppni SAMFÉS. Gestir gátu einnig fengið mælda hárbýkkt sína, skoðað og skeggrætt við nemendur um veggspjöld þeirra og gætt sér á flatböfum og ávaxtasafa. Spurningakeppni gesta naut mikilla vinsælda.

Búnaðarbanki Íslands var styrktaraðili þessarar hátíðar og veitti verðlaunahöfum glaðning. Hátíðinni lauk með stórgóðu dansatriði danshópsins Eldmóðs sem fór með sigur af hólmi í Freestyle danskeppni Tónabæjar 2003.

Næstu skref

Á fundum aðstandenda verkefnisins hefur komið fram að fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem tóku þátt í verkefninu eru sammála um að það þurfi að sinna þeim hópi nemenda er skarar fram úr í námi mun betur en gert hefur verið hingað til. Fram hafa komið margar góðar hugmyndir um það hvernig reka megi verkefni sem þetta en þá er helst litið til þess hvort sveitarfélögin geti rekið það saman, þar sem kostnaði er deilt á sveitarfélög eftir nemendafjölda. Ræða þarf nánar um útfærslur ef af verður. Hugmyndir hafa komið fram um að leggja aukna áherslu á þemavinnu og þverfaglegt nám og að leggja ríkari áherslu á að kenna hugtök og aðferðir.

Af hálfu aðstandenda Heimilis og skóla, stjórnar og starfsmanna, er mikill áhugi og vilji til að halda áfram að styðja og taka þátt í verkefnum af þessu tagi. Möguleiki er að skrifstofa samtakanna verði miðstöð svona verkefnis með sérstakan starfsmann og annist allan undirbúning og framkvæmd fyrir þau sveitarfélög sem vilja taka þátt í verkefnum.



Kristbjörg Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, kynnir niðurstöður könnunar um netnotkun barna. Á myndinni eru einnig Jónína Bjartmarz, formaður Heimilis og skóla, Þórhildur Líndal Umboðsmaður barna og Ingibjörg Ingadóttir, verkefnastjóri.

Áberandi kynjamunur

Þau börn sem nota Netið voru spurð um hvað þau aðhafast helst á Netinu. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá umtalsverðan mun á svörum drengja og stúlkna í könnuninni. Stúlkurnar nota Netið til samskipta (tölvupóstur), til heimanáms, til að leita upplýsinga og til að skoða aðdáendavefi. Algengustu svör drengjanna eru hins vegar að þeir fari í tölvuleiki, hlaði niður tónlist og hugbúnaði, vafri sér til gamans, eða skoði tómsundasíður. Eins og sjá má segist umtalsverður fjöldi drengjanna skoða klám á Netinu, eða 15% þeirra.

Stúlkur:

| | |
|---------------|-----|
| Tölvupóstur | 58% |
| Heimavinna | 43% |
| Upplýsingar | 40% |
| Aðdáendavefir | 34% |

Hvernig nota börnin okkar Netið?

SAFT könnun

SAFT könnunin um hegðun ungmenna á Netinu var gerð meðal 10 þúsund barna og foreldra í fimm löndum. Niðurstöðurnar liggja nú fyrir og geta auðveldað foreldrum að ræða við börn sín um öryggi á Netinu og reglur sem þeir vilja að farið sé eftir við notkun þess. Hér á síðunum eru dregin fram nokkur atriði úr niðurstöðum. Þeir sem vilja fræðast meira er bent á vef Heimilis og skóla og á vefnum www.saft.is. Sjá einnig vefsetur samstarfslandanna www.saftonline.org.

95% foreldra á Netinu

Nettengdir foreldrar barna á aldrinum 6 til 16 ára, segjast í 95% tilfella skoða Netið reglulega. Um 30% íslenskra foreldra telja að mesti hægur barna þeirra af notkun Netsins sé fólgin í skemmtun og tölvuleikjum en álíka stór hópur setur heimanám í fyrsta sæti. Í 66% tilvika segjast foreldrar þurfa frekari upplýsingar um öryggi á Netinu.

Án vitneskju foreldra


Börn á Íslandi á aldrinum 9 til 16 ára hafa nánast öll aðgang að tölvu, ýmist á heimili sínu eða annars staðar. Meira en helmingur þeirra segist hafa haft tækifæri til að vafra á Netinu án vitundar foreldra sinna. Netnotkun íslensku barnanna er sérlega mikil, 23% þeirra fara nokkrum sinnum á dag á Netið, 15% einu sinni á dag, 28% nokkrum sinnum í viku og 12% einu sinni í viku.

Drengir:

| | |
|-------------------------|-----|
| Spila tölvuleiki | 66% |
| Hlaða niður tónlist | 49% |
| Vafra til gamans | 45% |
| Hlaða niður hugbúnaði | 25% |
| Tómsundasíður | 23% |
| Skoða klám | 15% |
| Heimasíður einstaklinga | 12% |

Munur á svörum barna og foreldra

Greinilegur munur sést á því sem börn gera á Netinu og því sem foreldrar þeirra halda að þau geri. Á meðan 87% foreldra segjast sitja hjá börnum sínum þegar þau vafra um Netið, segja einungis um 22% barna að svo sé.



Spurning: Hefur einhver sem þú hefur bara hitt á Netinu beðið um að fá að hitta þig? Þeir sem svara Já. (Stá: Hef spjallað á Netinu)

- Börn segja að þau viti yfirleitt meira um Netið en foreldrar þeirra.
- Foreldrar hafa mun meira eftirlit með yngri börnum (9-12 ára) en þeim eldri (13-16 ára).
- Algengasta reglan sem íslensku börnin fylgja um




netnotkun er að „gefa ekki upp persónulegar upplýsingar“.

- 55% barna hafa tækifæri til að fara á Netið án vitundar foreldra sinna.
- 21% barna hafa notað Netið án leyfis foreldra.

Ofbeldiskennt efni

Um 49% barna sem nota Netið hafa heimsótt klámsíðu fyrir slysi eða af ásetningi. Þeir sem hafa skoðað klámsíðu af ásetningi á Netinu eru um 27% íslensku barnanna og allt drengir. Um fjórð-

ungur þeirra segir að þeir hafi slegið inn ranga slóð og fengið þannig upp síðuna. Fjórðungur þeirra hefur fengið sent klámfengið efni með tölvupósti. 33% barna hafa skoðað heimasíður með



Börn: Hefur þú heimsótt vefsíðu með nokkuð fólki eða klámfengnu efni ÓVART eða viljandi? Fullorðnir: Hefur barn þitt orðið vart við kynferðislegt efni á Netinu? Þeir sem svara Já (Sía: börn sem nota Netið).

ofbeldiskenndu efni á meðan einungis 14% foreldra telja að svo sé.

Stefnumót við ókunnuga

Flest börn eru meðvituð um að þau eiga

ekki að gefa upplýsingar um sig á Netinu, en niðurstöður sýna að börn eru reiðubúnari til að gefa upplýsingar um sig en foreldrar þeirra halda.

- 66% íslenskra barna segjast nota spjalldrásir.
- 41% íslenskra barna segja að fólk sem þau hafa kynnt á Netinu hafi beðið þau að hitta sig augliti til auglitis.
- 21% þeirra barna sem spjalla, hafa hitt í eigin persónu einhvern sem þau kynntust á Netinu.
- 47% barnanna tóku vin eða vinkonu með á fyrsta fund við mann- esku sem þau kynntust á Netinu.

- 33% barna treysta flestum eða öllum upplýsingum sem rekur á fjörur þeirra á Netinu.

SAFT - Evrópusamstarf

Heimili og skóli, landssamtök foreldra, hafa verið leiðandi á Íslandi í vitundarvakningu meðal foreldra og kennara um skuggahliðar Netsins. Fyrst með Evrópuverkefninu SUSI og núna með Evrópuverkefninu SAFT (*Safety, Awareness, Facts and Tools*) sem kemur í beinu framhaldi. Það hófst í september 2002 og stendur í 20 mánuði.

Í SAFT verkefninu sem er rannsóknar- og fræðsluverkefni um örugga netnotkun, er gengið út frá því að notkun ungmenna á Netinu sé í flestum tilfellum með jákvæðum formerkjum. Þau sjái Netið sem vettvang félagslegra samskipta og sem þekkingarauðlind. Við verðum þó að viðurkenna að Netið hefur sínar skuggahliðar.

Markmið og helstu þættir SAFT verkefnisins eru að:

- Safna upplýsingum um hegðun barna á Netinu
- Miðla fræðslu og upplýsingum
- Leggja kennurum og foreldrum til kennsluefni
- Starfrækja vefsíðu www.saft.is með upplýsingum
- Starfa með fyrirtækjum á sviði netþjónustu

Samstarf í Evrópu

SAFT verkefnið nýtur stuðnings áætlunar Evrópusambandsins um Öryggi á Netinu (*Safer Internet*) og er

heilðarstyrkur til verkefnisins 1,37 milljón evrur. Auk Íslendinga taka fjögur önnur lönd þátt í verkefninu, Danmörk, Írland, Svíþjóð og Noregur.

Yfirgripsmikil könnun

Til að afla upplýsinga um hegðun barna á Netinu og meta þörfina fyrir aukna fræðslu til foreldra hefur Heimili og skóli látið gera kannanir meðal ungmenna (9-16 ára) og foreldra. Gallup á Íslandi sá um gagnaöflun á Íslandi og þótti þeirra vinna mjög fagmannleg og vel unnin.

Fræðsluáttak

Í kjölfar SAFT kannananna stefnir Heimili og skóli að fræðsluáttaki, til að stuðla að öruggri notkun á Netinu. Í hlut Íslands og Írlands kemur að hanna og forprófa kennsluefni sem verður byggt á niðurstöðunum. Það verður kærkomið verkfæri foreldrum og skólustarfs- mönnum sem hafa hingað til þurft að feta sig áfram án fyrirmyndar þegar kemur að netnotkun.

Netþjónustur

Einn mikilvægur þáttur SAFT verkefnisins er að efla samstarf við netþjónustur. Á Íslandi hefur í þessu skyni tekist samstarf við Íslandssíma og Símann Internet. Netþjónusturnar munu koma að gerð upplýsingabæklings og sjá um dreifingu hans.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla

Þann 5. maí síðastliðinn veittu Heimili og skóli Foreldraverðlaunin í áttunda sinn. Helsta markmiðið með veitingu verðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er á fjölmörgum sviðum innan skólasamfélagsins. Á vef Heimilis og skóla má lesa nánar um verðlaunin og þá sem voru tilnefndir.

Ártúnsskóli í Reykjavík hlaut verðlaun fyrir þrjú innbyrðis tengd verkefni; Skólaskilaboð, Skólagarða - lengingu skólaárs og Föstudags-samveru.

Alls bárust 18 tilnefningar til foreldraverðlauna hvaðanæva að. Fyrir okkur hjá Heimili og skóla gefur fjöldi tilnefninga okkur enn frekari vissu um hversu mikilvægt það er að draga reglulega fram í sviðsljósið þetta mikilvæga starf með



Ártúnsskóli í Reykjavík hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2003. Ellert Borgar Þorvaldsson, skólastjóri og Rannveig Andrésdóttir, aðstoðarskólastjóri.

þeim hætti sem gert er með veitingu verðlauna sem þessara. Allir þeir sem tilnefndir eru geta svo sannarlega verið stoltir af störfum sínum og eru öðrum

hvatning til eftirbreytni.

Afhending verðlaunanna fór fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í áheyrn fjölda gesta. Nemendur í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Ari Posocco, Tómas Pálsson og Ingimar Andersen, spiluðu fyrir gesti og fluttu þeir meðal annars verkið Fünf Divertimento eftir Mozart við góðar undirtektir áheyrenda. Guðni Olgeirsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu flutti ávarp.

1. Skólaskilaboð

Skólaskilaboðin eru afar vandadír litlir bæklingar sem stuðla að bættu upplýsingastreymi á milli skólans og heimila nemenda. Skólaskilaboðin hafa að geyma fréttir af félagslífi nemenda, ýmsar upptakomur í tengslum við skólann og upplýsingar

Hvatningarverðlaun

Að þessu sinni voru einnig veitt sérstök hvatningarverðlaun til verkefna sem dómnafnd telur að muni skila árangri til framtíðar. Fjögur verkefni hlutu Hvatningarverðlaun 2003. Sjá nánar um verðlaunin og um-sögn dómnafndar á vef samtakanna, www.heimilioskoli.is.

Skólastjórnendur Fellaskóla fyrir verkefnið *Þýðing skólahandbókar á fjögur erlend tungumál*.

Jafnframt því að þýða og gefa handbækurnar út eru þær einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólinn hefur lagt fram mikilvægan skerf til fjölmenningslegs samfélags. Af starfi skólastjórnendanna hefur einnig sú hugmynd sprottið að fá fulltrúa af erlendum uppruna inn í næstu stjórn foreldrafélags skólans.

Foreldrafélög og foreldraráð grunnskólanna í Reykjanesbæ (FFGÍR) fyrir verkefnið *Handbækur foreldrafélaga í Reykjanesbæ*.

Útgáfa handbókanna er liður í gæðaverkefninu „Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ.“ Öll foreldrafélögin í Reykjanesbæ ákváðu að starfa saman að gerð handbókanna en í þeim koma fram allar upplýsingar um foreldrafélögin, foreldraráðin og foreldrastarfið almennt. Handbækurnar auðvelda mjög nýju fólki að koma að foreldrastarfinu. Með handbókunum hefur FFGÍR unnið mikið og markvisst frumkvöðlastarf sem á eftir að styrkja

bæði innra starf hvers skóla sem og samskipti skólanna sín á milli og við samfélagið.

Seljaráðið, foreldraráð Seljaskóla í Reykjavík fyrir *Markvisst starf í þágu skólasamfélagsins*.

Seljaráðið hefur markað sér starfsreglur og stefnu til að vinna eftir og er ljóst að þau störf sem ráðið hefur unnið undanfarin ár ná langt út fyrir þann ramma sem foreldraráðum er settur í grunnskólalögum. Meginstefna ráðsins er að stuðla að samvinnu við skólastjórnendur, jafnframt því að veita þeim jákvætt aðhald í uppbyggingu skólastarfsins. Einnig hefur foreldraráðið unnið ötulllega að því að aðstoða við úrlausn erfiðra mála og veitt skólastjórnendum ómetanlegan stuðning við að koma málefnum skólans á framfæri við yfirvöld með óskum um úrbætur.

Aðgerðahópur Barnaskóla Ólafsfjarðar og Gagnfræðaskólans á Ólafsfirði fyrir verkefnið *Samstarf heimila, skóla og samfélags*.

Að verkefninu standa fulltrúar foreldra, kennara, skólastjórnenda og samfélagsins á Ólafsfirði. Hópurinn gerði bæði langtíma- og skammtímaáætlanir sem miða að því að efla samstarf skólanna tveggja og heimilanna. Hópurinn hefur einnig staðið fyrir námskeiði fyrir kennara og könnun meðal foreldra á hug þeirra til skólastarfsins.




Afhending Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2003 í Þjóðmenningarhúsi. Alls voru 18 verkefni tilnefnd.

um aðra vinnu sem fram fer í bekkjardeildunum. Í þeim er einnig að finna skilaboð frá foreldrafélaginu. Þá eru einnig gefnir út sérstakir bæklingar með upplýsingum um lífsleikniáætlun skólans og sérstaka þemavinnu sem foreldrar kvitta fyrir móttöku á. Þannig geta skólastjórnendur betur tryggt að foreldrum berist mikilvægar upplýsingar. Í skólaskilaboðunum er starf nemenda sett í forgrunn og vakin er athygli á starfi þeirra á jákvæðan hátt. Einnig má geta þess að bæklingarnir eru einstaklega skemmtilega hannaðir. Það lætur því að líkum að börnin vilji safna þeim og eiga sem eins konar minningabók. Bæklingarnir eru einnig frábært kynningarefni út á við.

2. Skólagarðar - lenging skólaárs

Þegar skólaárið var lengt, brugðu skólastjórnendur og starfsmenn skólans í samvinnu við foreldra á það ráð að fá úthlutaðum reitum í skólagörðum Reykjavíkur. Í verkefninu er hver bekkur gerður ábyrgur fyrir einum reit og sjá börnin um að planta og sá í reitina. Börnunum er úthlutað tímabili til umhirðu, þar sem þau ásamt foreldrum sínum annast reitina. Verkefnið er þverfaglegt og kemur meðal annars að kennslu í náttúrufræðum, lífsleikni og umhverfisfræðslu. Skólagarðaverkefnið er í alla staði frábært framtak þar sem tekist er á við að aðlaga skólstarfið að lengdu skólaári á skemmtilegan og nýstárlegan hátt sem jafnframt byggir á gömlum hefðum sem annars myndu tapast. Það



Óðinn Bolli Björgvinsson nemandi við Listaháskóla Íslands hannaði og vann verðlaunagrip Foreldraverðlaunanna.

er einnig mjög ánægjulegt að sjá skólstarfið með þessum hætti teygja sig í átt að sjálfbærni og leggja sitt að mörkum við að vinna innan ramma Staðardagskrár 21. Þannig hefur skólstarfið verið fært lengra út í nærumhverfi barnsins og er afar áþreifanlegt dæmi um frábært samstarf heimila og skóla og aukna ábyrgð foreldra í skólstarfinu.

3. Föstudagssamvera barna, skólstarfsmanna og foreldra

Föstudagssamvera í skólanum er hugsuð til að efla sjálfstæði, sjálfstraust, samkennd og félagslega færni barnanna til framtíðar og um leið að efla samstarf heimila og skóla. Einn bekkur sér um að skipuleggja hverja samverustund og allir nemendur bekkjarins hafa sitt hlutverk í dagskránni. Foreldrum og öðrum aðstandendum barnanna er boðið til samverunnar. Samverustundin er mikilvægt innlegg í lífsleikniáætlun skólans og hefur styrkt tengslin á milli bekkjardeilda, á milli nemenda og starfsfólks skólans og milli heimila og skóla.



Sigríður Ólafsdóttir með bókagjöfina.

Bókagjöf

Nú á vordögum færði Sigríður Ólafsdóttir samtökunum veglega gjöf sem er tvær innbundnar bækur með fyrstu átta árgöngunum af tímaritinu Heimili og skóli sem gefið var út á árunum 1942-1988 og fjallaði um skóla- og uppeldismál. Blaðið er því nokkurs konar forveri núverandi tímarits Heimilis og skóla, sem hóf göngu sína árið 1993. Samtökin kunna Sigríði bestu þakkir fyrir þessar mjög svo eigulegu bækur.

Við afhendingu bókana í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík sagði Sigríður að sér fyndist viðeigandi að landssamtök foreldra, Heimili og skóli ættu og varðveittu bækurnar. Bækurnar höfðu fundist þegar fjölskyldan var að ganga frá eignum afa og ömmu Sigríðar, Haraldar Sigurgeirssonar og Sigríðar Pálinu að Spítalavegi 15 á Akureyri. Bækurnar voru bundnar inn af langafa Sigríðar, Sigurgeiri Jónssyni tónlistarmanni og kórstjóra á Akureyri.

Kennarafélag Eyjafjarðar gaf út ritið sem var gefið út 6 sinnum á ári og var í fyrstu að lágmarki 16 síður hvert hefti, en síðar 24 síður. Tímaritið kom fyrst út á 10. afmælisári Kennarafélags Eyjafjarðar og kostaði ársáskrift fyrsta árið (1942) 5 krónur er greiddast skyldu fyrir 1. júlí ár hvert. Þetta sýnist í dag lágt árgjald fyrir efnismikið og veglegt tímarit, enda var það fljótt hækkað í 8 krónur.

Það er útfærsluatriði í skólanámskrá hvers skóla, hvernig viðbótardagarnir eru nýttir hverju sinni

Lenging skólaársins

Mjög eru skiptar skoðanir um 10 daga lengingu skólaársins meðal foreldra barna í grunnskólum og eru ekki allir á eitt sáttir. Heimili og skóli hefur ekki farið varhluta af þessu og hefur meira verið hringt til skrifstofu okkar út af lengingunni en nokkru öðru. Flestir sem hringja eru óánægðir með lenginguna og eru ólík viðhorf til þessa máls að okkar mati fyrst og fremst vitnisburður um mismunandi aðstæður og félagslega og fjárhagslega stöðu foreldranna, svo og ólík viðhorf þeirra til skólans og hlutverks hans annars vegar og fjölskyldunnar og heimilanna hins vegar.

Sjónarmið Heimilis og skóla Í umræðunni á undanförunum árum um lengingu skólaársins höfum við bent á nokkur atriði sem vert væri að gefa gaum við mótun stefnu í þessa veru. Jónína Bjartmarz, alþingismaður og formaður Heimilis og skóla, skrifaði grein í DV (28. ágúst 2002), þar sem hún gerði grein fyrir mismunandi viðhorfum foreldranna. Í greininni rekur hún kosti og galla lengingarinnar og beinir loks þeirri fyrirspurn til menntamálaráðuneytisins hver tilgangur lengingarinnar sé. Foreldrar sem hafa leitað upplýsinga um það hjá skólunum hvaða starf ætlunin sé að rækja í skólanum viðbótardagana tíu, hafa fengið þau svör að einstakir skólar ráði því alfarið hvernig þeir

nýti tímann og hvort og hvað sé kennt. Börnunum sé hins vegar skylt að sækja skólann þessa daga eins og aðra kennsludaga.

Menntamálaráðuneytið hefur birt úrskurði vegna fyrirspurnarinnar. Heimili og skóli hafa hér tekið saman útdrátt úr svörum ráðuneytisins.

Útgáfa skólanámskrár

Grunnskólalöggin gera hverjum skóla skylt að gefa árlega út skólanámskrá. Þar eiga að koma fram áætlanir skólans meðal annars um skólatíma, skóladagatal og fyrirkomulag námsmats. Foreldraráð er samkvæmt grunnskólalögum umsagnaraðili um skólanámskrá ár hvert. Skólanefnd er einnig lögbundinn umsagnaraðili á skólanámskrána.

Skóladagar og kennsludagar Litið er svo á að kennsludagur sé skóladagur þar sem fram fer skipulagt starf nemenda undir leiðsögn kennara. Aðrir skóladagar eru til dæmis foreldravíðtalsdagar, jólatrésskemmtanir, skóla-setning og skólaslit, og prófadagar. Ráðuneytið lítur hins vegar svo á að skólar hafi á starfstíma grunnskóla nokkuð svigrúm til að skipuleggja kennslu og annað skólastarf á skólaárinu, til dæmis til þess að halda jólatrésskemmtanir, að setja eða slíta skólahaldi. Skal þess þó ætíð gætt að fjöldi

kennslustunda sem nemendur eiga rétt á sbr. ákvæði 2. mgr. 27. gr. grunnskólalaga sé ekki skertur.

Fjöldi kennsludaga

Ráðuneytið leggur áherslu á að samkvæmt lögum skal starfstími nemenda í grunnskóla á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir og kennsludagar skulu ekki vera færri en 170. Ráðuneytið hefur ekki gert athugasemd ef kennsludagar hafa verið fleiri. Við það er miðað, að á umræddum 170 dögum fari fram kennsla, próf og annað skólastarf. Grunnskólalög tilgreina einungis lágmarksstarfstíma skóla og útiloka því ekki að samið sé um lengra skólaár í kjarasamningum.

Nýting viðbótardaga

Ráðuneytið telur að líta beri á þá viðbót, sem um semst í kjarasamningum, sem hluta af skyldunámi. Það er útfærsluatriði í skólanámskrá hvers skóla, hvernig þessir viðbótardagar eru nýttir hverju sinni. Það er hins vegar í valdi skólanefnda í hverju sveitarfélagi fyrir sig, að ákveða hvernig viðbótardagarnir 10, sem samið var um í síðustu kjarasamningum, verða nýttir. Ráðuneytið lítur svo á að ekkert sé því til fyrirstöðu að einstök sveitarfélög ákveði að lengja skólaárið umfram það sem um samdist fyrir öll sveitarfélög í síðustu kjarasamningum (2001) enda liggja fyrir samkomulag um það við viðkomandi kennara eða samtök þeirra.

Námsmats- og foreldradagar Ráðuneytið hefur lagt mat á það hvort námsmatsdagur/foreldradagur í tilteknunum grunnskóla, teldist kennsludagur í skilningi grunnskólalaga. Leit ráðuneytið svo á að ef nemendum er gert skylt að mæta í skólann umræddan dag og starfa þar svipaðan tíma og gert er ráð fyrir í stundaskrá, teljist dagurinn kennsludagur í skilningi grunnskólalaga.



Útgáfa Heimilis og skóla

Meðferð skólustarfsmanna á trúnaðarupplýsingum Heimili og skóli hefur gefið út bækling þar sem leitast er við að svara algengum spurningum um þagnarskyldu og trúnað milli þeirra aðila sem koma að grunnskólanum, starfsfólks, nemenda og foreldra. Jafnframt er í bæklingnum vísað til þeirra laga og reglna sem við eiga. Bæklingurinn er gerður að sænskri fyrirmynd.

Þó að flestir sem starfa innan skólans hafi það innsæi og þann skilning að vita hvers konar upplýsingum ber að halda leyndum, getur verið erfitt að vita hvernig fara á með slíkar upplýsingar hverju sinni í samskiptum við ólíka aðila.

Í starfi skólans eru samvinna og opið samstarf milli skóla og heimilis afar mikilvæg. Ávallt skal hafa í huga hvað barninu sé fyrir bestu. Reglur um þagnarskyldu í skólum eru til að tryggja einkalíf nemenda og fjölskyldna þeirra. Í VI. kafla laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla nr. 72/1996 er fjallað um skyldur starfsmanna. 32. gr. þess kafla hljóðar svo: „Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagnarskyldu um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“

Bæklingurinn, sem gefinn er út með stuðningi menntamálaráðuneytisins, má nálgast á skrifstofu samtakanna. Hann hefur fengið mjög góðar viðtökur og hefur Persónuvernd meðal annarra þakkað samtökunum fyrir útgáfuna, enda um mjög þarft framtak að ræða.

Það er von samtakanna að bæklingurinn megi nýtast foreldrum og skólustarfsfólki vel. Þeir sem vilja fræðast meira um persónuvernd og meðferð trúnaðarupplýsinga er bent á vef Persónuverndar www.personuvernd.is. Enn fremur er bent á vef Kennarasambands Íslands www.ki.is, en þar getur að líta síðareglur sem sambandið hefur samþykkt og eru þær ætlaðar til leiðbeiningar fyrir kennara í starfi.

Foreldrabankinn

Heimili og skóli, landssamtök foreldra hafa unnið og gefið út *Foreldrabankann*, sem er mappa ætluð bekkjarfulltrúum í grunnskólum.

Mappan hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem um hlutverk bekkjarfulltrúa, ábendingar um hvernig virkja má foreldra í bekkjarstarfinu, upplýsingar um vinahópa, skrá yfir gagnleg símanúmer, hagnýt ráð og hugmyndir, ýmiskonar eyðublöð og kynningarefni, tengiliði innan skólakerfisins og margt fleira.

Bekkjarfulltrúar viðkomandi bekkjar varðveita möppuna og sjá um að safna gögnum um foreldrastarf hvers vetrar. Með góðri umsjón með gögnunum má auðvelda eftirmönnum starfið og foreldrar sjá þá hvað hefur verið gert í bekknum. Mappan fylgir viðkomandi bekk milli ára, svo að upplýsingar safnast á einn stað fyrir öll árin í grunnskólanum ef mappan er notuð frá fyrsta ári. Prentsmiðjan Oddi styrkti útgáfu Foreldrabankans með því að greiða fyrir prentunina á innviðum möppunnar. Hægt er að panta möppuna á skrifstofu Heimilis og skóla.

Korter á dag


Á síðastliðnu hausti gáfu Heimili og skóli – landssamtök foreldra út bæklinginn *Korter á dag, hefur þú tíma til þess?*

Kortér á dag, lestraræfing með þátttöku foreldra er einföld aðferð til að byggja upp góða lestrargetu og orðaförða. Bæklingurinn er settur upp að erlendri fyrirmynd, en hann var fyrst gefinn út í Bretlandi og síðar á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og Japan. Með þessari aðferð hefur verið hægt að fyrirbyggja lestrar- og réttitunarvanda hjá fjölda barna.

Rannsóknir og ábendingar kennara sýna að afstaða foreldra til náms skiptir miklu máli fyrir námsframvindu nemandans og vellíðan í skóla. Jákvæð samvinna heimilis og skóla er sérlega mikilvæg í lestrarnámi barna, sem er jú grunnurinn að öllu bóknámi. Með útgáfu bæklingins vilja samtökin auðvelda foreldrum að taka sér tíma á hverjum degi til að æfa lestur með börnum sínum.

Korter á dag byggir annars vegar á upplestri foreldra og hins vegar á upplestri barnsins (lestraræfing). Fyrir utan leiðbeiningar til foreldra um hvernig best er að standa að lestraræfingunum, er settur fram bókalisti með lesefni sem hæfir mismunandi aldri og getu barna.

Bæklingurinn rann út á skömmum tíma og er nú stefnt að endurprentun hans. Verslunin Eymundson styrkti útgáfuna.



Foreldrasamningur vegna yngri barna

Heimili og skóli - landssamtök foreldra hafa frá árinu 1996 kynnt forvarnaverkefnið *Foreldrasamninginn* fyrir foreldrum barna í 6. – 10. bekk grunnskóla. Þar sem verkefnið hefur verið vel kynnt og góð samstaða foreldra hefur náðst um samninginn er það samdóma álit allra sem að hafa komið, að samningurinn skili óumdeilanlega góðum árangri.

Síðastliðið haust var hannaður samþæflegur samningur fyrir foreldra 6 – 11 ára barna, þeirra sem eru í 1. – 5. bekk grunnskóla. Markmiðið með þeim samningi er eins og áður að leggja foreldrum lið við að efla innbyrðis samstöðu.

Reynsla okkar hjá Heimili og skóla er sú að stærsti hluti foreldra er fylg-

andi því að standa vörð um velferð barna sinna, veita þeim vernd og væntumþykju og sýna þeim virðingu. Foreldrasamningurinn sameinar þau gildi sem foreldrar telja mikilvæg, svo sem að virða útivistartíma, verja börn með því að hafa einhvern ábyrgan til staðar ef þau fá að halda partí, kaupa ekki fyrir börn og unglinga áfengi eða önnur vímuefni. Láta sig varða vitneskju um neyslu síns barns og annarra barna og koma slíkum upplýsingum á framfæri við rétta aðila.

Mikill fjöldi skóla hefur fengið samninginn til afnota og lagt hann fyrir foreldra heilla bekkja með aðstoð fulltrúa frá foreldrafélagi svo sem bekkjarfulltrúa eða erindreka frá Heimili og skóla.


Foreldrasamningur fyrir foreldra yngri barna leggur skiljanlega ekki sömu áherslu á varnir gegn vímuefnum, en grunnurinn er þar lagður fyrir það sem síðar kemur í eldri bekkjunum. Áhersla er lögð meðal annars á að virða útivistartíma, mikilvægi samhjalpar, til-

litsemi og virðingu, ávinninginn af heilbrigðu lífverni, samábyrgð foreldra og að skapa stundir þar sem fjölskyldan er öll saman.

Markmið samtakanna með verkefninu er að ná til foreldra allra barna í þeim árgöngum sem samningurinn er ætlaður. Reynslan hefur kennt okkur að bekkjarfulltrúar treysta sér ekki alltaf til að leggja samninginn fyrir og því geta foreldrar og starfsmenn skólanna leitað til Heimilis og skóla eftir aðstoð. Hjá samtökunum er hægt að panta kynningu á Foreldrasamningnum og/eða kennslu fyrir fulltrúa foreldrafélaga til að halda kynningarfundir.

Verkefnið hefur notið styrkja úr Forvarnarsjóði og af fjárlögum ríkisins. Verslunin Hagkaup hefur einnig styrkt verkefnið með því að greiða hönnunar- og prentkostnað og nú í vor hlaut verkefnið styrk að upphæð 1,5 milljón króna frá Pokasjóði verslunarinnar.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið á vef samtakanna – www.heimilioskoli.is.



Hollráð
frá foreldrum til foreldra

Hollráð foreldra
Í tengslum við verkefnið um foreldrasamning hafa Heimili og skóli gefið út bæklinginn *Hollráð frá foreldrum til foreldra* og er honum dreift með samningnum.

FULLORÐINSFRÆÐSLA

Prófanám
Öldungadeild á grunn- og framhaldsskólastigi
NÝTT! Félagsliðanám
Frístundanám
Fjölbreytt tungumálanám, verklegar greinar og myndlistarnámskeið
Námsaðstoð fyrir skólafólk
Sérkennsla í lestri og skrift

Upplýsingar í síma: 551 2992 - Fax: 562 9408



Svo lengi lærir sem lifir

Lokahátíðir Stóru upplestrarkeppninnar voru haldnar í 7. sinn í upphafi þessa árs. Þá hafði keppnin farið fram um allt land frá haustmánuðum en þetta er í annað sinn sem hún nær til landsins alls. Á þessu skólaári tóku 5.000 nemendur í um 150 skólum víðsvegar að af landinu þátt í keppninni.

Þeir aðilar sem komið hafa að keppninni eru, auk Baldurs Sigurðssonar sem er upphafsmaður hennar, Heimili og skóli, Íslensk málnefnd, Íslenska lestrarfélagið, Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands og Samtök móðurmálskennara.

Upplestrarkeppnin er fyrir löngu orðin stærsta skólaþróunarverkefni á Íslandi og hefur hún hvarvetna hlotið góðar viðtökur skólafólks og foreldra. Keppninni var veitt sérstök viðurkenn-



Lokahátíð upplestrarkeppninnar í sjö skólum á Suðurnesjum fór fram í Ytri-Njarðvíkurskirkju 3. mars síðastliðinn. Sigurvegarar voru Fjóla Oddgeirsdóttir úr Njarðvíkurskóla, Karólína Andrea Jónsdóttir úr Holtaskóla og Hrafnhildur Ása Karlsdóttir úr Grunnskólanum í Sandgerði.

Stóra upplestrarkeppnin

ing á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2000, vegna framlags hennar til að efla áhuga á vönduðum framburði og flutningi íslensk máls.

Héraðs- eða hverfanefndir starfa á öllum þeim stöðum þar sem keppnin er haldin og eru þær skipaðar fulltrúum Heimilis og skóla og Samtaka móðurmálskennara. Hlutverk nefndanna er einkum fólgið í því að vera skólaskrifstofum til halds og traust við undirbúning og framkvæmd keppninnar; að vera kennurum til aðstoðar við að vekja áhuga foreldra og foreldrafélaga á keppninni og að vera skólum innan handar við að finna utanaðkomandi fólk í dómnefndir. Heimili og skóli vilja sérstaklega þakka öllum þeim foreldrum sem hafa verið fulltrúar samtakanna fyrir gott og óeigingjarnt starf og frábært samstarf.

Framtíðin óráðin

Í vor rann út samningur sem gerður var við styrktaraðila verkefnisins á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2000 og er framtíð upplestrarkeppninnar enn óráðin þegar þetta er skrifað. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um eflingu íslensks máls en ekki kostuð af yfirvöldum né skilgreind sem hluti af verksviði skólayfirvalda. Undirbúningsnefnd keppninnar starfar sjálfstætt á sama grundvelli og önnur samtök áhugafólks.

Fulltrúum Heimilis og skóla í undirbúningsnefndinni, þeim Björgu Árnadóttur og Guðríði Stefánsdóttur þökkum við mikið og óeigingjarnt starf.

Það er vonandi að það málræktarstarf, sem keppnin hefur komið af stað í

skólum landsins muni halda velli og að keppnin muni lifa áfram.

Af hálfu samtakanna hefur því verið lýst yfir við aðstandendur keppninnar að við séum reiðubúin til að halda áfram samstarfi og stuðningi við annað eins verkefni.

SAMAN hópurinn –18 ára ábyrgð

Eitt af mörgum verkefnum sem Heimili og skóli taka þátt í er samstarfsverkefni SAMAN-hópsins um velferð og verndun barna og ungmenna til 18 ára aldurs.

Meginmarkmið hópsins er að auka samráð þeirra sem vinna með og fyrir börn og unglinga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun og meðferðar- og ráðgjafaúræðum.

SAMAN-hópurinn vekur meðal annars athygli á hættum sem ógna börnum og unglingum, vekur athygli foreldra á að þeir beri ábyrgð á börnum sínum allt til 18 ára aldurs og hvetur til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar á tímamótum. Því er beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma, kaupa ekki eða bjóða unglingum áfengi og að leyfa

ekki eftirlitslaus partí. Einnig er vakin athygli á samkomum þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna. Dæmi um slíkar samkomur eru lok samræmdra prófa, 17. júní, verslunarmannahelgin, Menningarnótt í Reykjavík og áramót.

Auk Heimilis og skóla eru í hópnum fulltrúar frá Áfengis- og vímuvarnaráði, Ríkislögreglustjóra, Lögreglunni í Reykjavík, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Íþrótt- og tólmstundaráði Reykjavíkur, Félagsþjónustunni í Kópavogi, SAMFOK, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Götusmiðjunni, Rauðakrosshúsinu og Vímulausri æsku.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið á vefnum www.vimuvarnir.is



Ráðgjafar umboðsmanns barna

Síðastliðinn vetur setti Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, í gang tilraunaverkefni sem kallað er *Ráðgjafarþekkir umboðsmanns barna*. Markmiðið er að gefa börnunum tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við opinberan talsmann sinn, en það er hlutverk umboðsmanns barna að stuðla að bættum hag barna, yngri en 18 ára, og standa vörð um réttindi þeirra, hagsmuni og þarfir.

Heimili og skóli, landssamtök foreldra, fagna þessu framtaki og taka undir von umboðsmannsins um að skoðanir ráðgjafanna nái eyrum þeirra, sem með valdið fara í málefnum þeirra innan stjórnýslu ríkis og sveitarfélaga.

Verkefnið er unnið á grundvelli 12. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem var fullgilt af Íslands hálfu árið 1992. Samkvæmt honum eiga börn sem myndað geta eigin skoðanir rétt á að láta þær í ljós í öllum málum sem þau varða, og stjórnvöldum ber að taka réttmætt tillit til skoðana barnanna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Samkvæmt sáttmálanum eru íslensk stjórnvöld bundin af þjóðarétti til að fylgja ákvæðum hans, meðal annars við setningu laga um málefni barna, sem og við lagaframkvæmd hér á landi.

Skoðanir barna

Ráðgjafarþekkir eru 18 talsins, vítt og breitt um landið og ráðgjafarnir eru 322 börn á aldrinum 10-12 ára. Þrjár skoðanakannanir voru lagðar fyrir ráðgjafarþekkir, sú fyrsta í desember 2002 þar sem beðið var um skoðanir ráðgjafanna á aðbúnaði á vinnustað þeirra, skólanum. Önnur könnunin var lögð fyrir í byrjun febrúar á þessu ári, þar sem leitað var eftir hvað börnin hefðu fyrir stafni að skóladegi loknum. Þriðja og síðasta könnunin var lögð fyrir nú í maí þar sem spurt er um stress í daglegu lífi barna. Niðurstöður úr tveimur fyrri könnunum hafa verið settar í skýrslu en úrvinnsla þeirrar þriðju er enn í gangi og er niðurstaðna að vænta í sumar.

Hér fyrir neðan er stiklað á helstu niðurstöðum, en þær eru birtar í heild á vefsíðu umboðsmanns barna www.barn.is.



Umboðsmaður barna Þórhildur Líndal heimsótti ráðgjafa sína í Þykkvabæjarskóla.

Drengjum líður ver en stúlkum Greinilegt er að ráðgjafar eru í góðum tengslum við umhverfi sitt þar sem svör eru greinargóð og skýr um hvað er í lagi, hverju er ábótavant og úrlausnir þar um. Þegar á heildina er litið lýsa niðurstöðurnar ungu, jákvæðu fólki sem er reiðubúið til að láta skoðanir sínar í ljós og er það á ábyrgð fullorðinna að nýta þessa auðlind sem er þekking barna og unglinga á eigin málum.

Almennt eru ráðgjafar umboðsmanns barna ánægðir og líður vel, bæði í skóla og eftir skóla. Þeir hlakka til að mæta í skólann og hitta vini sína og eru í góðum tengslum við umhverfi sitt. Verklegrar námsgreinar og íþróttir eru í uppáhaldi og frímínútur þykja skemmtilegar. Frímínúturnar mættu þó ásamt íþróttatímum vera fleiri.

Fimmtungi ráðgjafanna þykir óþægilegt að vera í skólastofunni og vísa þá til hávaða og skorts á vinnufriði. Einnig benda niðurstöður til þess að drengjum líði verr en stúlkum í skólastofunni. Aðbúnaður virðist þó vera viðunandi. Flestir ráðgjafar fara út á skólalóð í frímínútum og líður vel þar, þó síður drengjum en stúlkum.

Athugunarvert er að um 16% ráðgjafanna þykir skólalóðin ekki vera öruggur staður og nefna þar helstu ástæð-

ur vera annars vegar umhverfistengdar hættur, svo sem umferð og hins vegar stríðni eldri nemenda. Greinilegt er að ráðgjöfum finnst að gæsla á skólalóð eigi að vera góð en að eftirliti sé oft ábótavant.

Spurt var um hreinlæti og kemur í svörum fram greinileg óánægja meðal ráðgjafanna, sérstaklega í stærri skólum, vegna þrifa á salernum. Þrif á búningsklefum þykja þó í lagi. Ráðgjafar komu með lausnir til úrbóta svo sem „Allir eiga að sturta niður og hætta að henda útifötum í klósettið“ og „Skipta fyrst um klósett og svo hreinsa hin nýju á klukkutíma fresti“.

Matartímar og matarvenjur ráðgjafanna voru einnig til umræðu og kom í ljós að meginþorri ráðgjafanna borðar morgunnesti í skólastofunni, en aðeins 13% þeirra geta geymt nestið sitt í kæli-skáp. Stórum hluta ráðgjafanna finnst ekki gefast nægur tími til að matast.

Ráðgjafarnir nefna að það að hitta vinina sé það besta við að koma í skólann og hefur þá skólinn sem fræðslustofnun heldur minna vægi í hugum þeirra. Það versta þykir að þurfa að mæta snemma í myrkri og vondu veðri, sérstaklega ef þarf að bíða eftir kennurum úti.

Umferðin ógnar

Ráðgjafar segjast vera þreyttir en glaðir þegar þeir halda heim á leið eftir skóla, hvort heldur er farið heim, til vinar, á æfingu eða strax að leika. Flestir fara gangandi leiða sinna eða með skólabíl og geta ráðgjafar orðið smeykir ef veður er vont og færðin slæm. Það besta við lok skóladagsins þótti helst frelsi, félagsleg atriði svo sem vinir, leikir og fjölskylda og heimkoma.

Fæstir hræðast eitthvað á leið úr skólanum en nefna þó helst umferðina, dýr og að vera strítt. Almennt virðast ráðgjafar ekki hafa miklar áhyggjur á heimleiðinni heldur skipuleggja þeir daginn, hugsa um heimanám eða vini eða einfaldlega láta sig dreyma. Aðeins 3% þeirra hugsa neikvæðar hugsanir, en þó kemur það fyrir, til dæmis kom þetta svar frá einum ráðgjafanum: „Ég er að hugsa um

hvort hinir krakkarnir séu að tala illa um mig“.

Draumaskólinn

Eftir skóla verja börnin mestum tíma til leikja, íþróttar, lesturs og sjónvarps-áhorfs. Drengir horfa frekar á sjónvarp og leika tölvuleiki en stúlkur og fara frekar út eftir kvöldmat. Flestir ráðgjafanna fara út eftir kvöldmat og virða ekki útivistarreglur sem kemur á óvart þar sem 70% ráðgjafanna líkar vel við þær.



Skoðun ráðgjafanna um hvernig draumaskólinn á að vera er ekkert ósvipuð draumavinnustað flestra fullorðinna, þar sem virðing, vinnufriður og góður andi ræður ríkjum. Margir nefndu að draumaskólinn þeirra væri eins og Hogwarts skólinn úr Harry Potter bókunum.

Handbækur foreldrafélaganna í Reykjanesbæ

Nýjar handbækur foreldrafélaganna í Reykjanesbæ voru kynntar þann 27. febrúar síðastliðinn. Foreldrafélögin í Reykjanesbæ vilja að allir foreldrar grunnskólabarna í landinu njóti góðs af framtaki þeirra og hafa því gefið okkur leyfi til að sýna handbækurnar á vef Heimilis og skóla www.heimil-iogskoli.is og hvetjum við foreldra eindregið til að þekkjast þetta góða boð.

Í handbókunum eru settir fram starfshættir, markmið og leiðir foreldrafélaganna og er útgáfa þeirra liður í gæðaverkefninu *Betri foreldrafélög í Reykjanesbæ* sem Foreldrafélög og foreldraráð grunnskólanna í Reykjanesbæ (FFGÍR) taka þátt í að tilstuðlan Jóhanns Magnússonar hjá Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar (ÍRB).

Markmið með gerð handbókanna er að hjálpa stjórnnum foreldrafélaganna að tileinka sér markviss vinnubrögð sem skilar sér í betra foreldrastarfi og eflir samstarf heimila og skóla sem er æðsta markmið allra foreldrafélaga.

Gerð handbókanna er merkt frumkvöðlastarf stjórna foreldrafélaganna og er unnið í sjálfböðavinnu. Verkið á sér nokkurn aðdraganda og má segja að handbækurnar séu uppskera þeirrar ómældu vinnu sem fram hefur farið undanfarin ár innan félaganna.

Þeir sem standa að verkefninu eru FFGÍR í samstarfi við *Reykjanesbæ á réttu róli* (RÁRR) sem er alhliða forvarnarkerfni á vegum Íþróttabandalags Reykjanesbæjar.

Samtökin Heimili og skóli fagna þessu frumkvæði foreldra í Reykjanesbæ og vona að framtak þeirra verði öðrum foreldrafélögum hvatning, því við vitum að foreldrar um allt land búa yfir góðum hugmyndum.

Eftirtaldir styrkja útgáfu blaðsins

| | |
|----------------------------|----------------------------|
| Bókabúðin Grímsbæ | Giljaskóli, Akureyri |
| Ísafjarðarbær | Glerárskóli, Akureyri |
| Barnaskóli Vestmannaeyja | Grandaskóli, Reykjavík |
| Borgarhólsskóli, Húsavík | Grunnskólinn í Þorlákshöfn |
| Borgaskóli, Reykjavík | Hlíðarskóli, Reykjavík |
| Breiðholtsskóli, Reykjavík | Hólabrekkuskóli, Reykjavík |
| Brekubæjarskóli, Akranesi | Lundaskóli, Akureyri |
| Einholtsskóli, Reykjavík | Oddeyrarskóli, Akureyri |
| Fellaskóli, Reykjavík | Selásskóli, Reykjavík |
| Foldaskóli, Reykjavík | Seljaskóli, Reykjavík |
| Fossvogsskóli, Reykjavík | Vogaskóli, Reykjavík |

MJÓLKURBÚ  FLÓAMANNA

 NÁMSGAGNASTOFNUN



SUMAR2003

Vertu með á sumarnámskeiðum ÍTR

Upplýsingar um sumarstarf eru veittar á öllum starfstöðum ÍTR

www.itr.is

